

BRENDA PREHAL

*Fornleifaskráning vegna lagningar
jarðstrengs í Langadal og Svartárdal.
Viðbætur 2022.*



Forsíðumynd: Stekkjatóft í landi Eiríksstaða, horft til suðausturs.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga

2022/250

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Aðferðarfræði.....	6
Fornleifaskrá	7
Svartárdalur	7
Langidalur	9
Samantekt	12
Heimildaskrá	13
Fylgiskjöl	14

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs í Langidal og Svartárdal í Húnaþings austri að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK. Skráning á vettvangi fór fram dagana 11-12. október 2021.

Breytingar á fyrirhuguðum línunum voru gerðar við Eiríksstöðum í Svartárdal og Kagaðarhól í Langidal og viðbætur við fyrri skráningu gerðar í janúar 2022. Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2713

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær túngarður í landi Eiríksstaða raðnúmerið 23 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Eiríksstaðir 2713-23]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem tilheyra sett framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda vegna rafstrengs í Langadal og Svartárdal.


Við skráningu jarðstrengja eru skoðaðir 15m til beggja hliða út frá strenglögnum.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Töflu er að finna aftast í skýrslunni þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá verkkaupa.

Fornleifaskrá

Svartárdalur



Mynd 1. Minjar 2713-22-25.

Eiríksstaðir 2713-22

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta — 5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Gamli torfbærinn stóð um 7m suðaustan við núverandi íbúðarhús á Eiríksstöðum.

Lýsing

Samkvæmt Ingibjörgu Guðmundsdóttur (munnleg heimild: 15.11.21) er fjárhús og hlaða stendur það á gamla bæjarstæðinu. Líklegt er að minjar leynist undir húsinu.



Mynd 2. (2713-22), horft til suðausturs. Fjárhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu.

Eiríksstaðir 2713-23

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta – 4,5m austan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Túngarður er um 290m sunnan við núverandi íbúðarhús á Eiríksstöðum.

Lýsing

Túngarðurinn er vel greinanlegur og úr torfi og steini. Hann er um 52m langur, um 3m á breidd og um 1m á hæð. Hann er grasi og mosa gróinn.



Mynd 3. Garðlag (2713-23), horft til vesturs.

Eiríksstaðir 2713-24

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta – 2m austan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Hleðsla er um 135m sunnan við núverandi íbúðarhúsi á Eiríksstöðum.

Lýsing

Hleðslan er úr grjóti og torfi og liggur N-S og er hlaðin upp við brekku. Hún er um 10,5 x 25m að utanmáli og er að hluta grasi og mosa gróin. Veggirnir eru allt að 3,5m á breidd og um 1m á hæð. Austurveggur er byggður upp við lítinn hól.



Mynd 4. Hleðsla (2713-24), horft til norðausturs.

Eiríksstaðir 2713-25

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

Vegur er um 40m vestan við núverandi íbúðarhús á Eiríksstöðum og liggur meðfram ánni.

Lýsing

Vegurinn er vel greinanlegur en grasi gróinn. Hann er tæplega 2km langur og um 4m á breidd. Hann liggur meðfram árbakkanum að austan. Áin hefur brotið af suðurhluta vegar.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Guðmundi Valtýssyni bónda á Eiríksstöðum (munnleg heimild: 07.01.2022) var vegurinn lagður fyrir fimmta áratug síðustu aldar.



Mynd 5. Leið (2713-25), horft til norðvesturs.

Langidalur



Mynd 6. Minjar 2713-26-30.

Kagaðarhóll 2713-26

Sérheiti: Langtóft

Hlutverk: Skáli

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta – 4,5m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Skálatóft er í túni, um 150m suðvestan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli og um 70m austan við Svínvetningabraut.



Mynd 7. Skálatóft (2713-26), horft til suðvesturs.

Lýsing

Skálatóftin er vel greinanleg, grasi gróin og liggur NA-SV. Hún er aflöng, allt að 10 x 45m að utanmáli með inngang í austri. Veggirnir eru allt að 4m á breidd og um 40cm á hæð. Djúp dæld er í miðri tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kagaðarhóls segir: „Þar ofar í túninu mótar vel fyrir sérstökum fornminjum, aflöngum ávölum beinum hæðum með laut milli þeirra endilangra. Hæðirnar skiptast þó nokkuð nærri efri enda með samskonar hæð sem tengir þær saman. Þessi manngerðu vegsummerki hafa ekki enn verið könnuð þrátt fyrir áhuga fornleifafræðinga sem hafa séð þau. Ekkert hefur verið hreyft við þessum ummerkjum þrátt fyrir að túnið umhverfis hefur verið sléttað. Þessar minjar hafa verið kallaðar frá því Stefán man fyrst eftir Langtóft (bls. 7).

Kagaðarhóll 2713-27

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta – í lagnaleið

Staðhættir

Garðlag er, í túni, um 130m sunnan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli og um 130m austan við Svínvetningabraut.

Lýsing

Túngarðurinn er um 50m langur og liggur NNV-SSA. Hann er grasi gróinn, um 50cm á hæð og um 2m á breidd.



Mynd 8. Túngarður (2713-27), horft til SSA.

Kagaðarhóll 2713-28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta – 8m sunnan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Tóft er um 125m sunnan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli og um 160m austan Svínvetningabrautar.



Mynd 9. Tóft (2713-28), horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin er greinanleg en grasi gróin. Hún er um 8x10m að utanmáli og liggur ANA-VSV. Veggirnir eru um 2m á breidd og um 40cm á hæð.

Kagaðarhóll 2713-29

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: Hætta – 9,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Dæld er um 13m vestan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli um 5m norðan við dæld [2713-30].

Lýsing

Dældin er um 2,5 x 3m að utanmáli og um 35cm djúp.

Kagaðarhóll 2713-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Hættumat: Hætta – 9,5m vestan við fyrirhugaða lagnaleið

Staðhættir

Dæld er um 12,5m vestan við núverandi íbúðarhúsinu á Kagaðarhóli og um 5m sunnan við dæld [2713-29].

Lýsing

Dældin er um 1,5 x 3m að utanmáli og um 35cm djúp.

Samantekt

Alls voru 9 minjar skráðar í nágrenni fyrirhugaðrar lagnaleiðar. Þar af er eitt húbýli [2713-22], tvö garðlög [2713-23, 2713-28], hleðsla [2713-24], vegur [2713-25], tvær tóftir [2713-26, 2713-28], og tvær dældir [2713-29, 2713-30].

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunnar.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá

Kagaðarhóll, 2004. Þormóður Ingi Heimisson.

Heimildarmenn

Ingibjörg Guðmundsdóttir (15.11.21) (Eiríksstaðir í Svartárdal).

Guðmundur Valtýsson (07.01.2022) (Eiríksstaðir í Svartárdal).

Fylgiskjöl

Fornleifar í Svartárdal – hnitaskrá

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austun	Norðun
2713-22	Eiríksstaðir	Híbýli	Híbýli	800	2022	Óþekkt	Mikil hætta	5m	465550	552936
2713-23	Eiríksstaðir	Túngarður	Garðlag	800	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	4,5m	465516	552700
2713-24	Eiríksstaðir	Rétt	Hleðsla	1700	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	2m	465454	552833
2713-25	Eiríksstaðir	Leið	Vegur	1800	1950	Vel greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	465460	552782

Fornleifar í Langidal – hnitaskrá

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Fjarlægð frá línu	Austun	Norðun
2713-26	Kagaðarhóll	Skáli	Tóft	800	1200	Vel greinanleg	Mikil hætta	4,5m	447903	566154
2713-27	Kagaðarhóll	Túngarður	Garðlag	800	1950	Greinanleg	Mikil hætta	í lagnaleið	447925	566166
2713-28	Kagaðarhóll	Óþekkt	Tóft	800	1950	Greinanleg	Hætta	8m	447966	566172
2713-29	Kagaðarhóll	Óþekkt	Dæld	800	1950	Ill greinanleg	Hætta	9,5m	447925	566328
2713-30	Kagaðarhóll	Óþekkt	Dæld	800	1950	Ill greinanleg	Hætta	9,5m	447921	566320